



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans í Reykjavík

2022–2023

Gæðastjóri
Hilmar Guðlaugsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2. Sjálfsmat	6
2.1 Síðastliðin ár	6
2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2021–2022	6
2.2.3 Fundir með nemendum.....	13
2.2.4 Skólanámskrá	13
2.2.5 Umbótaáætlun	13
2.2.6 Umhverfisstefna	13
3. Lokaorð	14

1. Inngangur

Sjálfsmat er fyrirbæri sem ber að fagna því að það gefur skólum tækifæri til að bæta sig. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR frá árinu 2008-2009 má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verða næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra, verkefnastjóra og gæðastjóra. Gæðastjóri skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lífnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífarni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Skólinn hefur verið hluti af heilsueflandi framhaldsskólaverkefninu síðustu ár en þar eru áherslurnar m.a. hreyfing, næring, geðrækt og vímuefni. Skólinn hefur í þessu samhengi hætt sölu á orkudrykkjum í mötuneyti nemenda og reynt að hafa matinn þar sem hollastan.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og barnamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut. Frá haustinu 2023 bættist þriðja brautin, starfsbraut við. Hlutverk starfsbrautar er að koma til móts við og aðstoða nemendur


sem fást við ýmsa námserfiðleika. Þar er hverjum og einum nemenda mætt á einstaklingsmiðaðan hátt með það meginmarkmið að þau auki hæfni sína og getu til að takast á við verkefni daglegs lífs, vinnu, tómstunda og áframhaldandi náms. .

Í samræmi við samning skólans hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf og öflugt starf umsjónarkennara. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% þar sem nánast allir þeirra nemenda sem hætta í skólanum fara í aðra framhaldskóla.

Skólaár	Innritun (1.sept.)	Fjöldi sem tekur vorpróf	Nemendur sem hætta á skólaárinu	Nemendur sem hætta á prófatíð	Fjöldi sem fellur á árinu eftir vorpróf	Fjöldi sem hættir eftir vorpróf
2020-2021	671	650	21	2	14	6
2021-2022	685	673	12	2	16	11
2022-2023	690	673	17	1	15	6
2023-2024	675					


Skólaár	Fjöldi sem situr endurtöku-próf (í 1 fagi eða fleiri)	Fjöldi sem fellur á árinu eftir endurtökupróf	Fjöldi sem hættir eftir fall á árinu eftir endurtökupróf	Fjöldi sem situr árið aftur	Heildarfjöldi sem hættir á árinu	% brottfall eða tilfærsla í aðra skóla á árinu
2020-2021	141	8	5	11	34	5,07%
2021-2022	65	10	6	6	31	4,53%
2022-2023	105	22	13	9	37	5,36%
2023-2024						

Tafla 1: Nemendafjöldi síðustu þriggja skólaára, m.t.t. innritunar, fjölda sem situr próf, fjölda sem fellur í prófum og fjölda sem endurtekur próf eða hættir á árinu.



Mynd 1. Útkoma vorprófa 2023

Veturinn 2022-2023 innrituðust 690 nemendur, 17 nemendur hættu í skólanum yfir veturinn. Að loknum vorprófum og endurtektarprófum féllu 37 nemendur á árinu, sem þýðir ef þessir nemendur ætla að halda áfram skólagöngunni sinni við skólann þá þurfa þau að endurtaka ár (Mynd 1).



Mynd 2. Kynjaskipting nemenda, viðmiðunardagsetning er 8.11.2023


Heildarfjöldi nemenda var 690. Líkt og sést á mynd 2 er eru stúlkur í meirihluta, fjöldi stelpna er 386 og pilta 289. Kynjaskiptingin er svipuð hefur verið síðustu ár.

Starfsmenn skólans á haustmisseri 2022 skiptast þannig:



Mynd 3. Tölfræðilegar upplýsingar um starfsfólk Menntaskólans í Reykjavík.

Eins og sést á mynd 3 er heildarfjöldi starfsfólks 87 en stöðugildi eru samtals 74,9. Ef skoðuð er kynjaskipting starfsfólks þá er skiptingin þannig að það starfa 58 konur, 29 karlar. Reynt hefur verið að horfa til kynjajafnréttis við mannaráðningar, t.d. í deildum þar sem þar sem einsleitni er.



Mynd 4. Aldursdreifing starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík í prósentum.

Mynd 4 sýnir aldursdreifingu starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík í prósentum.

Dreifingin er áhugaverð og sýnir að starfsfólk er á öllum aldri. Þó er vert að geta þess að starfsfólk undir 35 ára aldri er einungis um 19 prósent af heildarstarfsmannafjölda. Það er einnig áhugavert að 55 prósent af starfsfólki er eldri 45 ára.

2. Sjálfsmat

2.1 Síðastliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþróa og rafræn kennslukönnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2022–2023

2.2.1 Samantekt jólaþróa

Niðurstöður jólaþróa 2022 voru teknar saman af konrektor og kynntar á kennarafundi 8. febrúar 2023. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá einkunnadreifingu á jólaþrófum 2022.



Mynd 5. Einkunnardreifing nemenda á jólaþrófi 2022.

Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþróaárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn og próf og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika og kvíðaröskun.

2.2.2 Kannanir

Á vormisseri 2023 var kennslukönnunin með öðru sniði en áður hefur verið. Að þessu sinni voru lagðar fyrir spurningar í þremur fögum og voru spurningar samdar í samvinnu við fagkennarana. Þannig voru þetta í raun mismunandi kennslukannanir sem nemendur svöruðu og því var misgóð þátttaka. Þetta var ákveðin tilraun til að reyna athuga hvort að með þessum hætti mætti fá greinargóð svör frá nemendum sem mæta aðstoða að bæta það góða starf sem er til staðar í deildunum. Nemendur þurftu einungis að svara kennslukönnunum fyrir hluta af þeim fögum sem þeir voru skráðir í á þessu misseri. Vonin var sú að með þessu yrði svörun betri en fyrri kennslukannanir. Fyrir neðan eru niðurstöðurnar úr kennslukönnuninni.


Kennslukönnun: íslenska

Hversu sammála eða ósammála ertu að auka þurfi þátt skapandi skrifa í íslenskutímum?

1. (5) Mjög sammála	10%	(40/415)
2. (4) Sammála	23%	(96/415)
3. (3) Hlutlaus(t)	36%	(151/415)
4. (2) Ósammála	18%	(73/415)
5. (1) Mjög ósammála	12%	(48/415)
6. (0) Kys að svara ekki	2%	(7/415)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	415 af 401
Svarhlutfall:	103% ▲
Meðaltal:	2,97
Staðalfrávik:	1,19




Hefur lesefnið aukið áhuga þinn á íslenskum skáldskap?

1. (5) Já 51% (211/417)
2. (1) Nei 42% (176/417)
3. (0) Kýs að svara ekki 7% (30/417)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 417 af 401
Svarhlutfall: 104% ▲
Meðaltal: 2,95
Staðalfrávik: 2,09




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að þú hafir aukið við þekkingu þína á íslensku í vetur?

1. (5) Mjög sammála 33% (136/417)
2. (4) Sammála 49% (203/417)
3. (3) Hlutlaus(t) 10% (41/417)
4. (2) Ósammála 6% (26/417)
5. (1) Mjög ósammála 2% (8/417)
6. (0) Kýs að svara ekki 1% (3/417)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 417 af 401
Svarhlutfall: 104% ▲
Meðaltal: 4,02
Staðalfrávik: 0,98




Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í íslensku sé hæfilegt?

1. (5) Mjög sammála 26% (110/417)
2. (4) Sammála 44% (182/417)
3. (3) Hlutlaus(t) 15% (61/417)
4. (2) Ósammála 10% (40/417)
5. (1) Mjög ósammála 5% (20/417)
6. (0) Kýs að svara ekki 1% (4/417)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 417 af 401
Svarhlutfall: 104% ▲
Meðaltal: 3,74
Staðalfrávik: 1,15



Þessi könnun fór fram á vormisseri, á tímabilinu 14.04-21.04 og svarhlutfall var 59% nemanda. Lagðar voru fimm spurningar fyrir nemendur, fjórar fjölvals- og ein ritunar-spurning. Fyrsti spurningin var hvort nemendur vildu auka þátt skapandi skrifa og kemur á óvart að einungis 33% vilja auka þátt skapandi skrifa.

Svörun við annarri spurningu verður að teljast mikið ánægjuefni en 51% nemenda telja að lesefnið í íslensku hafi aukið áhuga þeirra á skáldskap. Svörunin er jákvæð fyrir íslenskudeildina og sýnir að þar er verið að vinna að því að auka áhuga á skáldskap og þá væntanlega í leiðinni á lestri. Og á tímum þar sem stöðugt berast fregnir af ungu fólki sem les sér ekki til skemmtunar, þá hlýtur það að vera fagnaðar-efni að íslenska sé að vekja áhuga nemenda sinna á skáldskap, hvað þá yfir fimmtíu prósent.

Í þriðju og fjórðu spurning voru nemendur spurðir út í þekkingaraukingu vetrarins og álagið. Svörun við báðum spurningum var fremur jákvæð, 82% töldu að þeir hefðu aukið við þekkingu sína í íslensku. Þegar nemendur voru spurðir út í álagið voru 70% sáttir við álagið í íslenskunni sem verður að teljast mjög ásættanlegt, sérstaklega í ljósi þess að umræðurnar almennt vegna álags út af styttingu stúdentsprófsins í þrjú ár.

Lokaspurningin var svo opin ritunarspurning þar sem nemendur gátu komið með athugasemdir um hvað þeim þótti hafa vel tekist til í íslenskunni. Langflestar athugasemdirnar voru á jákvæðu nótum og endurspegluðu almennt ánægju nemenda með íslenskukennsluna t.d. skrifaði einn nemandi: „Ég veit mun meira um íslenskar bókmenntir og skil miklu betur núverandi bókmenntir og sérstaklega vísanir“. Annar nemandi skrifaði: „Þegar farið er yfir verkefni sem við gerum annaðhvort heima eða í tímum. Útskýringar á kennsluefninu hefur verið mjög góð. Stiklanir bæði úr Ljósu og málssögu. Þegar farið er yfir próf og þau leiðrétt. Kennsluaðferðir eru mjög góðar.“ Aðrir nemendur nefna oft ákveðin verkefni eða ánægju með tiltekinn kennara. Það eru þó dæmi um málefnalega gagnrýni, einn nemandi skrifaði: „Það slæma: alltof mikil íslenska á náttúrufræði braut, farið alltof djúpt í ljóð og bókmenntastefnur miðað við að þessi braut á að vera fyrir þá sem vilja fara í heilbrigðisfræði. Það góða: lestur og ritgerð, sem mun nýtast manni þótt maður fari ekki í frekari íslensku“. Íslenskan hefur ekki verið kennd á sérhæfðan hátt milli brauta í skólanum, heldur einungis mismunandi milli árganga. Hægt að færa rök fyrir því að allir ættu að læra sama námsefni í íslensku óháð braut, en hugsanlega er þetta eitthvað sem íslenskan ætti að skoða.


Kennslukönnun: Íþróttir

Hversu sammála eða ósammála ertu því að íþróttakennslan sé kynjaskipt?

1. (5) Mjög sammála 23% (82/350)
2. (4) Sammála 21% (73/350)
3. (3) Hlutlaus(t) 31% (109/350)
4. (2) Ósammála 10% (35/350)
5. (1) Mjög ósammála 13% (47/350)
6. (0) Kýs að svara ekki 1% (4/350)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 350 af 351
Svarhlutfall: 100%
Meðaltal: 3,27
Staðalfrávik: 1,35




Hver er upplifun þín af danskennslunni?

1. (5) Mjög jákvæð 35% (124/350)
2. (4) Jákvæð 39% (138/350)
3. (3) Hlutlaus(t) 16% (56/350)
4. (2) Neikvæð 5% (17/350)
5. (1) Mjög neikvæð 3% (12/350)
6. (0) Kýs að svara ekki 1% (3/350)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 350 af 351
Svarhlutfall: 100%
Meðaltal: 3,96
Staðalfrávik: 1,07




Hversu sammála eða ósammála ertu því að nemendur séu endurnærðir eftir íþróttatíma?

1. (5) Mjög sammála 16% (55/347)
2. (4) Sammála 40% (138/347)
3. (3) Hlutlaus(t) 28% (97/347)
4. (2) Ósammála 11% (37/347)
5. (1) Mjög ósammála 5% (19/347)
6. (0) Kýs að svara ekki 0% (1/347)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 347 af 351
Svarhlutfall: 99%
Meðaltal: 3,49
Staðalfrávik: 1,07




Hvernig líður þér í búningsklefanum?

1. (5) Mjög vel	31%	(107/350)
2. (4) Vel	51%	(179/350)
3. (3) Hlutlaus(t)	17%	(58/350)
4. (2) Illa	1%	(4/350)
5. (1) Mjög illa	0%	(1/350)
6. (0) Kýs að svara ekki	0%	(1/350)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	350 af 351
Svarhlutfall:	100%
Meðaltal:	4,1
Staðalfrávik:	0,76



Þessi könnun fór fram á vormisseri, á tímabilinu 14.04-21.04 og svarhlutfall var 57% nemanda. Fyrsta spurning snýr að kynjaskiptingu í íþróttakennslu og því hversu sammála eða ósammála nemendur eru þessu fyrirkomulagi. Spurningin var unnin í samvinnu við íþróttakennara. Kynjaskipting í íþróttakennslu var talsvert í umræðunni meðal skólastjórnenda og íþróttakennara síðasta vetur. En í þessu máli eins og svo mörgum þá hefur húsnæðisvandi skólans mikil áhrif. Stór hluti nemenda virðist vera sáttur við þetta fyrirkomulag eða um 44%, hins vegar eru skiptar skoðanir á þessu og 23% nemenda eru ekki sátt við þetta fyrirkomulag. Áður en þessi könnun var sett í loftið voru íþróttakennar byrjaðir að prófa sig áfram með að hafa hluta af kennslu ókynjaskipta. Þetta fyrirkomulag hefur haldið áfram í vetur, kennslan hefur verið lotuskipt. Vikunum þar sem allir eru saman hefur fjölgað töluvert og eru þessir tímar bæði haldnir innandyra og utandyra. Íþróttakennslan er því á þeirri vegferð að þróa kennsluhættina en slíkt er alltaf takmörkunum háð út af skorti á almennilegri aðstöðu. Í annarri spurningunni er spurt um danskennsluna og eru nemendur almennt ánægðir. Einnig er meirihluti nemenda sammála því að íþróttatímarnir séu endurnærandi. Svörun sem slík hlýtur að teljast ánægjulefni að nemendur séu almennt sáttir í tímum. Fjórða spurningin var á þá leið að spurt var um líðan nemenda í búningsklefum, 82 prósent nemenda líður mjög vel eða vel, 17 prósent tekur ekki afstöðu og 1% líður illa. Það er aldrei jákvætt að einhverjum líði illa, hvort sem það er einn nemandi eða 100 nemendur. Það er jákvætt að í þessari könnun að hlutfallið er einungis 1%, hins vegar er alltaf hægt að bæta hlutina á eitthvern hátt.

Lokaspurningin var svo opin ritunarspurning þar sem nemendur gátu komið með athugasemdir um hvað þeim þótti hafa vel tekist til í íþróttum. Flestir nemendur eru jákvæðir og t.d. skrifar einn nemandi: „Íþróttir hafa gert það vel að taka hugan frá náminu um stund svo hægt sé að melta upplýsingarnar. Einnig hafa íþróttir aukið áhuga minn á hreyfingu.“ Þessi athugasemd frá nemandanum er ánægjuleg og rituðu aðrir nemendur einnig að íþróttir hjálpuðu þeim almennt að halda einbeitingu í öðrum

fögum. Annar nemandi var ánægður með framkvæmd prófanna í faginu og skrifaði: „Það að prófin séu valkvæð og maður geti gert allt á sínum hraða eins vel og maður getur hjálpar mikið til við sjálfstraust og líðan í íþróttum. Þá er ekki pressa á mann að gera eitthvað sem maður gæti meira að segja meitt sig á með því eð reyna of mikið á sig heldur getur maður gert allt á sínum hraða óháð einhverri einkunn fyrir það. Endilega haldið áfram að hafa valkvæð próf“. Framkvæmd prófa hefur breyst á síðustu árum og miðað við þessa athugasemd virðast nemendur ánægðir með núverandi áherslur. Nemendur voru almennt frekar jákvæðir í garð íþróttakennslunnar. Það eru þó dæmi um málefnalega gagnrýni og einn nemandi skrifaði: „Námið er bara fínt fyrir utan að danskennslan var frekar óskipulögð fattaði aldrei hvað var i gangi og ALLTOF mikil útikennsla. Rannsóknir hafa synt að það er ohollara að æfa sig uti ef það er svona kalt uti eins og er alltaf a Íslandi (kom fram á visi fyrir stuttu). Það er alveg plass fyrir okkur öll i salnum (eins og hefur sest i danstima) en jafnvel þott það væri ekki þa væri alveg hægt að nyta þrælakistuna betur það ee alveg plass fyrir eitt kynið i henni. Eg er með asthma sem gerir utikennsluna mjög flokna fyrir mig það ætti að minnsta kosti að vera val alltaf hvort maður vilji frekar fara i þrælakistuna“. Líkt og kom fram hér fyrir ofan þá eru stærstu hluti nemenda ánægðir nemenda með danskennsluna. En það má vissulega alltaf bæta hluti. Varðandi útikennsluna þá eru íþróttakennarar að reyna þá nýta umhverfið í kringum skólann í kennsluna en hugsanlega þyrfti að taka betur tillit áhrif kuldans nemendur og reyna að nýta salinn betur.


Kennslukönnun: tölvufræði

Hversu sammála eða ósammála ertu að tölvufræði nýtist þér í öðrum fögum?

1. (5) Mjög sammála	13%	(14/104)
2. (4) Sammála	42%	(44/104)
3. (3) Hlutlaus(t)	16%	(17/104)
4. (2) Ósammála	24%	(25/104)
5. (1) Mjög ósammála	3%	(3/104)
6. (0) Kys að svara ekki	1%	(1/104)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	104 af 104
Svarhlutfall:	100%
Meðaltal:	3,37
Staðalfrávik:	1,13




Hversu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) værir þú ef tölvufræði væri líka kennd í fjarnámi?

1. (5) Mjög ánægð(ur)(t) 13% (14/104)
2. (4) Ánægð(ur)(t) 18% (19/104)
3. (3) Hlutlaus(t) 33% (34/104)
4. (2) Óánægð(ur)(t) 21% (22/104)
5. (1) Mjög óánægð(ur)(t) 13% (14/104)
6. (0) Kýs að svara ekki 1% (1/104)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	104 af 104
Svarhlutfall:	100%
Meðaltal:	2,94
Staðalfrávik:	1,25




Finnst þér að það ætti að vera áhersla á forritun í tölvufræði?

1. (5) Já 45% (47/104)
2. (2) Nei 41% (43/104)
3. (0) Kýs að svara ekki 13% (14/104)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	104 af 104
Svarhlutfall:	100%
Meðaltal:	3,09
Staðalfrávik:	1,85



Þessi könnun fór fram á vormisseri, á tímabilinu 14.04-21.04 og svarhlutfall var 44% nemanda. Meirihluti nemenda telur að tölvufræðin nýtist í öðrum fögum, eða 55% prósent. Þessir nemendur telja því mikilvægt að fagið sé stoð við önnur fög. Einnig er athyglisvert að í fjórðu spurningunni finnst 65% nemenda að tölvufræði hafi hagnýtt gildi fyrir þeirra daglegu störf. Það má að draga ályktun út frá þessum spurningum að helsta gildi fagsins sé að vera stoð fyrir önnur fög. Eins konar undirbúning svo nemendur geti haldið fyrirlestra, sent tölvupósta, skrifað ritgerðir og annað í þá veru. Þetta er þó umdeilanlegt og í þriðju spurningunni voru nemendur spurðir út á náms-efnið.

Í þriðju spurningunni voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu áhuga á meiri forritun og meirihlutinn hafði ekki áhuga, en vissulega 45% sem höfðu áhuga. Hugsanlega væri hægt að taka upp einhvers konar grunnþætti í forritun en einnig væri hægt að benda nemendum á að í 6.bekk í tölvufræðivalfaginu er farið í forritun. Einnig var spurt um fyrirkomulag kennslustundanna, í annarri spurningu en þar voru nemendur spurðir hversu ánægðir þeir yrðu ef kennslan í tölvufræði færðist yfir í fjarnám. Einungis 31% svara því á þá vera að þeir yrðu ánægðir ef þessu yrði breytt. Hlutfall nemenda sem yrðu óánægðir er 44%, sem bendir til þess að nemendur séu sáttir við að fá staðkennslu í tölvufræði.

Lokaspurningin var svo opin ritunarspurning þar sem nemendur gátu komið með athugasemdir um hvað þeim þótti hafa vel tekist til í tölvufræði. Nánast allir nemendur eru jákvæðir og almennt eru þeir ánægðir með að fá kennslu í Excel og Word. Einn nemandi skrifar t.d. „*Mér fannst fínt í Word og það gekk vel en mér fannst skemmtilegast í Excel. Einnig held ég að Excel gagnist manni betur í lífinu og einnig er það*

mjög góð leið til að skipuleggja sig í skólanum. Yfirhöfuð var tölvufræðin í ár mjög skemmtileg og að auki var [X] góður kennari. Þessi athugasemd endurspeglar viðhorf nemenda vel og er það er almennt hagnýt gildi tölvufræðina sem virðist höfða til nemenda. Annar nemandi skrifar t.d. „*Fjölbreytni verkefna. Kynning á efni áður en verkefni hefjast. Aðstoð kennara. Góð kennsla sem nýtist að einhverjum hluta í námi og lífi seinna meir.*“. Þannig að almennt virðast nemendur sáttir við kennsluna og námsefnið í tölvufræðinni og raunar er bara eitt neikvæð athugasemd sem er ekki hægt að flokka sem málefnaleg.

2.2.3 Fundir með nemendum

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Í Menntaskólanum í Reykjavík hefur þessum fundum verið fundinn sá farvegur að funda í skólaráði reglulega. Í skólaráði eru fulltrúar nemenda og koma þessi fundir í staðinn fyrir fundi með öllum nemendum.

2.2.4 Skólanámskrá

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni.

2.2.5 Umbótaáætlun

1. Unnið var áfram að verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli en þar er leitast við að reyna bæta upplifun og heilsu nemenda í skólanum.
 2. Kennslukönnunin er hluti af þeirri vinnu að stuðla að stöðugri umbótum á fögum skólans.
 3. Sjálfsmatsáætlun 2023-2024
- Hægt er að lesa sjálfsmatsáætlunina á heimasíðu skólans.

2.2.6 Umhverfisstefna

Veturinn 2022-2023 tók skólinn annað grænt skref. Skólinn er að vinna að grænu skrefunum en skrefin eru fimm. Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem konrektor er í forystu fyrir, það er ánægjulegt að skólinn sé á þessari vegferð.

3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt og hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi Menntaskólans í Reykjavík verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans.

Skólaárið 2022-2023 var að mörgu leyti lærdómsríkt, veturinn var sá fyrsti undir stjórn nýs rektors og með nýju fólki koma nýjar áherslur. Vert er þó að taka fram nýr rektor var á engan hátt að umbylta starfinu.

Nýtt leiguhúsnæði í Austurstræti 17 var tekið í notkun. Þar fer fram kennsla í 5. Bekkjum náttúru- og eðlisfræðideilda. Einnig er þar að finna mótuneyti kennara og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Stjórnendur og stoðþjónustan hafa skipt með sér dögum, þannig að það er ávallt einhver í Austustrætinu sem nemendur geta leitað til. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvernig húsnæðið á eftir að reynast skólanum. En eftir sem áður er skólinn í biðstöðu eftir því að byrjað verði að byggja nýtt húsnæði á lóð skólans.

Sjálfsmatið er mikilvægur hluti af því að horfa til þeirra hluta sem eru vel unnir en einnig að leitast eftir að greina þá sem þarf að bæta. Að þessu sinni voru skoðuð nokkur tiltekin fög. Mikilvægt að halda áfram þróun innan skólans hvort sem það er í skólastofunni eða á stjórnarsýslustigi til að takast á við þær síbreytilegu áskoranir sem felast í menntun.